

Safn Helga Sigurðssonar

Um fjórðungur þeirra íslensku gripa sem fóru til Nordiska museet í Stokkhólmi og hafa nú verið afhentir Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu komu frá Helga Sigurðssyni árið 1888. Helgi var um margt merkur maður, sannkallaður þúsundþjalasmiður sem alla tíð hafði mörg járn í eldinum. Helst verður hans þó minnst fyrir ástríðu á sögu lands og þjóðar og framlag hans til söfnunar og varðveislu á íslenskum menningararfi. Úr skrifum Helga má lesa að allt frá unga aldri hefur hann borið mikla virðingu fyrir gripum hverfandi og horfinna kynslóða og snemma gert sér grein fyrir mikilvægi þess að varðveita eftir fremsta megni það er viðkom lifnaðarháttum, vinnulagi, klæðaburði, handbragði, listsköpun, hjátrú, trúariðkun og þankagangi þjóðarinnar í gegnum aldirnar.

Helgi Sigurðsson var fæddur á Ísleifsstöðum í Mýrasýslu 2. ágúst árið 1815. Sem barn fluttist hann ásamt foreldrum sínum, Sigurði Helgasyni, bónda og dannebrogsmanni, og Guðrúnu Þorkelsdóttur, húsfreyju, að Krossholti og loks að Jörfa í Hnappadalssýslu. Snemma þótti ljóst að Helgi væri efnilegur til margra hluta og eftir fermingu var honum komið í heimakennslu í nokkur ár sem varð svo til þess að tvítugur að aldri fór hann til náms í Bessastaðaskóla. Árangur hans þótti til fyrirmyndar og útskrifaðist hann þaðan fimm árum síðar, eða árið 1840. Sama haust sigldi hann til náms við Kaupmannahafnarháskóla. Fyrst las hann lögfræði en sneri sér síðar að læknisfræði. Jafnhliða því nam hann dráttlist við listaháskóla (Kunstakademiet) og lauk prófi þaðan eftir þriggja ára nám. Hann þótti listrænn og flinkur teiknari og nokkur fjöldi verka hans er varðveittur á söfnum.ⁱ Á námsárum sínum í Kaupmannahöfn lærði Helgi einnig, fyrstur Íslendinga, að taka ljósmyndir. Það var með hinni viðkvæmu tækni Daguerres. Eftir að Helgi sneri aftur til Íslands fékkst hann eitthvað við ljósmyndun en engar daguerreotýpur frá honum hafa varðveist. Þótt Helga hafi verið margt til lista lagt vitna gamansögur um að ferill hans sem ljósmyndara hafi eitthvað misfarist.ⁱⁱ

Árið 1846 sigldi Helgi heim til Íslands án þess að ljúka prófi í læknisfræði. Hann hafði lokið sjálfu náminu en móðir hans lá þá farsjúk og lést skömmu eftir heimkomuna. Helgi settist að á Jörfa og tók við búi föður síns árið 1850. Þar stundaði hann búskap auk þess að fást við ýmis fræða- og ritstörf. Einnig fékkst hann við lækningar þar í sveitinni. Helgi vígðist til prests árið 1866 og sama ár var honum veitt Setbergsprestakall á Snæfellsnesi. Árið 1875 fluttist hann að Melum í Melasveit í Borgarfirði og þjónaði þar sem prestur í tíu ár. Síðustu árin bjó hann á Akranesi, þar sem hann lést 13. ágúst 1888.

Helgi þótti alla tíð hagur smiður og fékkst bæði við útskurð og smíðar í tré og málma. Hann kom upp æðarvarpi á Melum og hafði einnig mikinn áhuga á garðyrkju, svo fátt eitt sé nefnt.

Fyrri kona Helga hét Valgerður Pálsdóttir. Þau eignuðust tvo syni og tvær dætur en annar sonurinn lést nokkurra daga gamall. Valgerður þótti víst helst til stórlynd kona og þau hjónin skildu eftir nokkurra ára hjónaband. Síðari kona Helga hét Jóhanna Guðmundsdóttir. Þau giftust aldrei en eignuðust saman tvo syni.ⁱⁱⁱ Úr skrifum Helga má lesa hve mikla virðingu og væntumþykju hann bar til barna sinna og því er sorglegt til þess að hugsa að hann missti þau öll frá sér, því Jóhanna fór einnig frá honum og sigldi með synina til Vesturheims árið 1883.

Matthías Þórðarson, sem var þjóðminjavörður á árunum 1907-1947, lýsti Helga svo: „Að líkamsvexti var sjera Helgi fremur lágur maður og grannvaxinn, toginleitur í andliti á efri árum, dökkeygur, hárprúður og svarthærður, með dökkt skegg á vöngum og undir höku. Að lundarfari var sjera Helgi hæglyndur og spaklyndur, en þjettur í lund. Í viðskiptum áreiðanlegur en fjeðlögur. Iðinn var hann að öllum verkum. Málfæri hans var seint, en mjög skipulegt og hreint málið. Manna var hann fróðastur í fornfræði og menningarsögu landsins og ánægjulegt að eiga við hann tal. Hann var gáfumaður og yfir höfuð með mikilhæfustu mönnum.“^{iv}

Þrátt fyrir að Helgi hafi alla tíð borið virðingu fyrir gömlum gripum og haft það innsæi að vert væri að geyma þá og varðveita má segja að skipuleg söfnun hans hafi ekki hafist fyrr en eftir að námsdvöl hans í Kaupmannahöfn lauk árið 1846. Á þeim tíma hafði lítið farið fyrir þess konar áhuga meðal þjóðarinnar og hann telst því einna fyrstur Íslendinga til að safna íslenskum fornmunum með markvissum hætti. Það sem helst aðgreinir söfnun Helga frá söfnun þeirra örfáu samtímamanna hans sem sýndu viðleitni í sömu átt, er áhersla Helga á varðveislu muna er tilheyrðu alþýðu landsins og daglegu lífi og störfum fólks. Þegar upp kom sú umræða á síðari hluta 19. aldar að þjóðinni bæri að varðveita minjar sínar og sögu beindust augu manna helst að listmunum, kirkjugripum og minjum frá fyrstu öldum byggðar í landinu, þ.e.a.s. að „finni“ gripum sem menn álitu verðuga og glæsta fulltrúa sögu lands og þjóðar. Helgi bar hins vegar ríkt skynbragð á mikilvægi þess að gæta að og miðla til komandi kynslóða sögu hins almenna Íslendinga. Varðveittir gripir úr safni hans bera þessa glöggt merki þótt vissulega finnist þar einnig munir er einungis hafa verið á færi fólks af yfirstéttum að eignast og umfangast. Samhliða söfnun sinni hélt Helgi nákvæma skýrslu yfir gripina þar sem hann, eftir því sem tók voru á, tilgreindi sögu þeirra og notkun og ástæðu þess að þá bæri að varðveita. Þar sem svo oft var um hversdagsgripi að ræða, er ekki laust við að

rökstuðningur hans fyrir söfnuninni beri þess merki að Helgi finni sig nánast knúinn til að réttlæta söfnun sína, sjálfsagt í hálfgerðri örvæntingu gagnvart skilningsleysi samferðamanna sinna. Um skýrslu Helga verður fjallað nánar síðar í greininni.

Fornmenjasafnið

Helgi Sigurðsson telst, ásamt Sigurði Guðmundssyni málara (1833-1874), stofnandi Þjóðminjasafns Íslands. Sigurður Guðmundsson hafði skrifað í *Þjóðólfi* árið 1862 „Hugvekju til Íslendinga“ þar sem hann hvatti til stofnunar forngripasafns á Íslandi. Helgi Sigurðsson varð fyrstur til að taka undir hvatningarorð Sigurðar og í bréfi til stiftsyfirvalda í janúar 1863 bauðst Helgi til að gefa 15 gripi sem fyrsta vísi til safns íslenskra fornminja. Í bréfinu leggur Helgi fram rök um nauðsyn þess að varðveita fornminjar þjóðarinnar og bjarga þeim frá glötun. Þar segir hann m.a.: „Fornmenjarnar lýsa á sinn hátt, eins og fornsögurnar á sinn, fornöldunum, og leiða þær sem sýnilegar og áþreifanlegar fram fyrir sjónir manna; lýsa þær þannig, hver um sig, öld þeirri, er þær eiga að rekja aldur sinn og kyn til (t.d. steinvopn steinöldinni, koparvopn koparöldinni, járnvopn járnöldinni og svo er um hverjar aðrar fornmenjar: allar þær lýsa aldar sinnar kunnáttu, smekk, hugsunarhætti o. s. frv.). Þær eru í svipuðu sambandi eða hlutfalli við fornsögurnar, sem mannamyndir eru við æfisögurnar, að því leyti þær ná til: bezti túlkur sagnanna, lýsa opt betur, en nokkur saga getur, fornöldinni, eru hinar beztu, já stundum hinar einustu leiðarstjörnur sagnaritara, fræðimanna og listamanna, þar sem sögur og sagnir eru óljósari, ófullkomnari, óáreiðanlegri eða með öllu tapaðar, svo fornöldin er hulin sögulegri dimmu. [...] Skapa þær sér þannig mikið gagn og gaman, mikla frægð og aðsókn lista og vísindamanna; því fornmenjarnar eru hið sama fyrir listamanninn sem vísindamanninn, og sérílagi sagnaritarann, því báðir þeir leiða í ljós fornaldirnar, hver á sinn hátt. [...] [Þjóðinni], þ. e. hverjum einum af henni, er og jafnskyld að gæta fornmenja sinna (er hún á með fyllsta rétti) sem fornaldarsagna sinna og þjóðernis. Því sé þeirra ekki gætt, er að því vísu að gánga, að þjóðerni það, sem á þeim er byggt, verður á völtum fæti. Að vísu er nú aðeins á styzta hátt drepíð á ágæti fornmenjanna [...] en eg hygg þó að það, sem þegar er á drepíð, nægi þó til að sýna þeim, er lítils eða einkis meta fornmenjar, eða eru hirðulausir með þær, sökum þekkíngarleysis á ágæti þeirra, að verðugt sé, nauðsynlegt og fagurt, að sýna fornmenjunum hina mestu alúð með eptirtekt, hirðusemi og geymslu á þeim, og að enginn sé verðugri til að eignast þær hjá manni en föðurlandið.“^v Í bréfinu viðrar Helgi þá skoðun sína að Íslendingar hafi fram að þeim tíma sýnt menningararfinum fádæma hirðuleysi, ekki hugað að varðveislu hans, gripir

hafi verið seldir erlendum söfnurum fyrir slíkk eða þeir nýttir til smíða annarra hluta, enda sé nú svo komið að fáar fornminjar séu eftir í landinu. Íslendingar hafi í fávísku sinni tortímt menningararfinum: „Eins og það er geðfelt, að eiga fræga fornöld, eins er það ógeðfelt, að eiga ekkert fornmenjasafn.“^{vi} Í kjölfar skrifa Helga samþykktu stiftsyfirvöld stofnun fornmenjasafns með bréfi þann 24. febrúar 1863. Síðan er sá dagur álitinn stofndagur Þjóðminjasafnsins. Næstu árin gaf Helgi allnokkra gripi til hins nýstofnaða safns.

Við stofnun Forngripasafnsins bjó Helgi Sigurðsson á Jörfa. Það var þó ekki fyrr en eftir að hann fluttist að Melum í Borgarfirði sem söfnun hans jókst að verulegu leyti. Eins og áður var getið hélt Helgi nákvæma skýrslu yfir gripi þá er hann safnaði. Sú handskrifaða skrá er nú í vörslu Þjóðminjasafnsins, en hún fylgdi gripunum sem afhentir voru úr Nordiska museet. Þar má sjá að á árum Helga á Melum hafði skilningur manna á söfnun hans aukist mikið og fjöldi sveitunga hans og nærsveitamanna veitt honum liðstyrk við söfnunina. Ekki síst á þar stóran þátt Þórður bóndi á Fiskilæk, faðir áðurnefnds Matthíasar Þórðarsonar, fyrrum þjóðminjavarðar.

Á árunum 1879-1887 safnaði Helgi vel á þriðja hundrað gripa sem hann geymdi á heimili sínu, flesta í læstum hirslum. Gripina ætlaði hann Forngripasafninu í Reykjavík og ljóst er að lengst af gerði hann fullt ráð fyrir að þangað færu þeir og yrðu þar með eign íslensku þjóðarinnar. Á skrifum Helga er auðséð hversu ótækt honum þótti hve margir íslenskir gripir höfðu endað utan landsteinanna, ýmist í eigu erlendra einkasafnara eða á opinberum söfnum.

Girpirnir seldir úr landi

En hvernig má þá vera að fjórðungur þeirra gripa sem nú eru afhentir úr Nordiska museet eru einmitt gripir frá Helga Sigurðssyni? Í raun er það hálfgerð sorgarsaga að safn hans var selt úr landi árið 1888, eins konar örþrifarád Helga, eftir að hafa margítrekað, en án árangurs, reynt að selja það til hins íslenska Forngripasafns í Reykjavík fyrir það sem hann áleit sanngjarnt verð. Það má spyrja hvers vegna Helgi, sem svo annt var um íslenska menningararfleifð, hafi ekki einfaldlega gefið gripina til safnsins. Framhjá því verður ekki horft að hann hafði til fjölda ára eytt miklum tíma og fjármunum til söfnunarinnar og því ekki að undra að hann hafi viljað hafa eitthvað fyrir sinn snúd.^{vii} Í forngrípaskrá hans má lesa að oftast en ekki keypti hann gripina, ýmist beint af eigendum eða á uppboðum og þrátt fyrir að Helgi hafi langt í frá verið öreigi þá verður hann seint talinn til ríkari manna þess tíma. Hann leit á sig sem einskonafró útsendara forngripasafnsins (safnsins sem hann átti svo stóran þátt í að komið var á fót), þar sem hann

með svo ötulum hætti starfaði að varðveislu menningararfsins í þágu þjóðarinnar og komandi kynslóða.

Árið 1882 lýkur Helgi skráningu á fyrri hluta safns síns. Þar aftanvið hefur hann skrifað í skýrsluna: „NB. Alla þessa (204) hluti hef eg heitið safninu (fyrir 600 kr).“ Þetta sama ár skrifaði Helgi stiftsyfirvöldum, sem umsjón höfðu með forngripasafninu, og bauð þeim gripi sína til kaups fyrir þessa upphæð. Þá var Sigurður Vigfússon gullsmiður forstöðumaður safnsins og leituðu stiftsyfirvöld álit hans varðandi boð Helga.^{viii} Illu heilli var Sigurður Vigfússon einn þeirra er bar ekki gæfu til að meta alþýðumuni til fullra verðleika og taldi hann gripi Helga ekki mikilsverða, í það minnsta ekki borgandi fyrir. Hann hafði þó aldrei litið gripina augum. Í svari stiftsyfirvalda til Helga kom því fram að ekki yrði tekin ákvörðun um kaup á safni hans, í það minnsta ekki fyrr en forstöðumaður forngripasafnsins hefði skoðað þá, ef hann ætti leið hjá á rannsóknarferðum sínum. Víst er að Helga sárnaði þessi viðbrögð^{ix} en hann lét þó ekki deigan síga og árið 1883 skrifaði hann fjárlaganefnd Alþingis þar sem hann bað um að í fjárlögum næstu ára yrði veitt upphæð til kaupa munanna til forngripasafnsins. Fjárlaganefndin, eins og stiftsyfirvöld, leitaði ráðgjafar Sigurðar Vigfússonar sem enn gaf sitt sama álit, gripirnir væru ekki þess virði að kaupa þá. Það var svo ekki fyrr en ári síðar, 1884, að Sigurður Vigfússon sá gripina hjá Helga á Melum. Það breytti þó í engu skoðun hans á þeim. Ljóst er að forngripasafnið hafði lítið fé til kaupa á munum og kannski hefur Sigurður vonast til að Helgi gæfi safninu gripina að honum látnum, enda var Helgi þarna orðinn roskinn maður. Þetta afsakar þó á engan hátt aðgerðaleysi Sigurðar Vigfússonar í því að afla safninu fjár til kaupa gripanna^x, né heldur þann hroka sem hann sýndi Helga í öllu þessu máli.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Helga næstu árin til að selja gripi sína til forngripasafnsins varð aldrei af kaupunum. Í síðasta bréfi Sigurðar til Helga, dagsettu 6. febrúar 1886, hafnar hann enn kaupunum og ber við fjárskorti.^{xi} Helgi svarar því bréfi tíu dögum síðar og þá virðist hann játa sig sigraðan; safn hans verði ekki keypt til Forngripasafnsins.^{xii}

Afleiðingar framkomu og framtaksleysis Sigurðar og yfirvalda í málinu urðu þær að Helgi greip til þess örþrifaráðs að selja safn sitt úr landi. Sumarið 1886 birti Helgi grein í blaðinu *Suðra* þar sem hann auglýsir safn sitt til sölu. Fram kemur að hann taldi að safni sínu yrði (þar sem útséð væri um að það færi til forngripasafnsins í Reykjavík) næstbest borgið á forngripasafni á Norðurlöndum, í Englandi eða Bandaríkjunum. Þar rekur hann m.a. forsögu málsins en segir jafnframt: „virðast mér því vera sem óumflýjanlegar kringumstæður, er loks *neyða* mig til að fara að bjóða

fleirum eða öðrum en Íslandi safn mitt svo það ef það ske mætti ekki glatist eptir minn dag.^{«xiii}

Í kjölfarið skrifaði Rolf Arpi honum bréf þar sem hann falaðist eftir kaupum á gripunum til Nordiska museet í Stokkhólmi. Helgi gaf kost á sölu safnsins og sendi skrá yfir gripina veturinn eftir. Sú skrá kom aldrei fram og því sendi Helgi nýja skrá í október 1887. Á árunum frá 1883 höfðu í kringum 50 gripir bæst við safn Helga og því taldi það nú yfir 250 gripi. Gengið var að kaupunum á safninu í janúar 1888 fyrir 800 krónur. Fyrir safnið sjálft skyldu greiddar 700 krónur við afhendingu á heimili hans en fyrir þær 100 krónur sem útaf stóðu gerðist Helgi ævilangt meðlimur í fornfræðafélagi Norðurlanda.^{xiv} Sú aðild nýttist honum þó aldrei, né sá hann nokkurn tíma krónu af kaupverðinu, því hann andaðist sem fyrr segir í ágúst þetta sama ár, en þá hafði afhending gripanna ekki farið fram. Eftir að Arthur Hazelius, forstöðumaður Nordiska museet, frétti af andláti Helga, sendi hann menn úr Reykjavík til Akraness, þar sem gripirnir voru sóttir og fyrir þá greitt umsamið verð. Safn Helga var svo sett um borð í póstskip í Reykjavík og til Stokkhólms komu þeir í nóvember sama ár.

Uppruni gripanna og skráning Helga Sigurðssonar

Eins og gefur að skilja eru langflestir gripirnir í safni Helga Sigurðssonar komnir úr Borgarfirði. Nokkur fjöldi þeirra er af Snæfellsnesi en þó er þarna að finna gripi komna lengra að af landinu. Suma þeirra nálgadist Helgi í Borgarfirðinum en þekkti sögu þeirra og rekur í skýrslu sinni til annarra landshluta. Fáeinir gripir eru úr eigu forfeðra og -mæðra Helga, og hefur hann þá fengið þá eftir föður sinn. Jafnvel kemur fyrir að gripi í safninu hefur hann sjálfur átt frá unga aldri. Það á til að mynda við um útskorna hvalinn sem nú er til sýnis í einum sýningarstöplinum í Bogasal.^{xv} Þessa hirslu eignaðist Helgi eftir ömmu sína þegar hann var ungur drengur og geymdi þá ýmislegt smálegt í honum. Á öllum þessum gripum má sjá hvílíka alúð Helgi lagði við forna gripi, allt frá því hann var á barnsaldri.

Þjóðminjasafni Íslands, og raunar öllum sem áhuga hafa á fortíð landsins, er gríðarlegur fengur að safnskýrslu Helga. Því auk þess að segja frá sögu og notkun gripanna, er auðséð að Helga hefur verið mikið í mun að skjalfesta og miðla til komandi kynslóða öllum þeim mögulega fróðleik sem hann og hans samtímamenn bjuggu yfir. Með því að lesa á milli línanna má að auki fræðast heilmikið um Helga sjálfan, áræðni hans og viðhorf. Sannfæring hans um mikilvægi þess að varðveita hið gamla til að öðlast sýn á sögu þjóðarinnar, á fortíðina, samtíðina og framtíð kemur víða fram. Í skráningu á gömlum lá, þar sem stafsetning í útskurði hefur misfarist^{xvi} segir Helgi: „Við slíkar ritvillur, (bæði vantandi stafi, stafarugling eða ofaukna

stafi) má maður ekki kippa sér upp), því þær hittast ekki svo sjaldan á hlutum frá öllum hinum fyrri öldum, og enda fram á 18. öld, á meðan mikill hluti manna var ólæs, illa læs, og lítt skrifandi. Þá tíma má ekki dæma eptir þessum tímum. Einmitt þessir ritgallar lýsa venjulega þeim tímum sem hlutirnir eru gerðir á, þótt engar aðrar sögur væru til þar um; og þessir gallar hittast því stundum á forngrípum, sem vel, eða enda snildarlega, eru gjörðir að öðru leyti, enda munu flestir þeirra vera gerðir af líttmentuðum alþýðumönnum. Náttúran kenndi mörgum þeirra, þá sem nú, hagleik og hugvit, en lestur gat hún ekki verið einhlýtt til að kenna þeim. [...] Af öllum slíkum lárúm var mest smíðað á Íslandi, meðan verslunarokið, og með því viðarskortur, kreppti mest að lanzmönnum, með því líka að í þá þurfti aðeins lítinn og smáann við, sem vart varð notaður til annara smíðisgrípa.“

Í lýsingu Helga á ístaði^{xvii} er að finna upplýsingar um leðurnotkun Íslendinga til reiðtygja: „Fram undir seinustu aldamót, höfðu flestir til allra reiðtyga, í allar ólar og á hnakka, íslenskt leður eða skinn. Gerðu þeir það mjúkt og endingargott, með því að láta það fyrst liggja, og blotna í lýsi, og berja það síðan með hamri, eða kepp, uns það varð mjúkt, sem elt væri. Þannig undirbúið, endtist það í ólar, og hvað annað, miklu betur en útlenskt leður nú gjörir. Þessi notkun leðursins mun að mestu hafa lagst niður eptir skepnufellis veturinn: Klaka, 1801-2. Og úr því fóru ístaðsólar, og aðrir partar reiðtyga, að verða úr útlendu leðri.“

Dæmi um ótta Helga við að þjóðleg handbrögð væru að hverfa er t.d. að finna við lýsingu á loki með svokallaðri trélæsingu^{xviii} sem oft er að finna á þrjónastokkum: „Slíkt var eitt hið einfaldasta af hinum allmörgu, gömlu, trélæsingum, er sumar voru svo hugvitssamar, og enda margbreyttar, að fáir, nema þeir, sem þekktu til þeirra, gátu lokið þeim upp. -Þær þyrftu, einsog margt fleira, gamallt og þjóðlegt, að nást útur hinni ævaxandi gleymaskudimmu.“

Í skránni er víða að finna upplýsingar um þjóðlegan fróðleik. Í skrifum sínum um talnabönd^{xix} segir hann: „Kafólskir höfðu slík bönd við bænalestra sína, og færðu þá fingur af einni tölu á aðra, hina næstu, eða einsog töldu þær, við hvert orð í bænunum. Því er líklegt, að þaðan sé kominn talshátturinn: að telja tölur sínar, sem en er hafður um þann, sem er að einhverju þegjandi gaurfi, eða afsíðis heilabrotum, líkt sem hann væri að biðjast fyrir.“

Víða í handritinu er að finna viðbótarupplýsingar varðandi staðhætti og umhverfi. Aftan við lýsingu á ístaði sem fannst á Lækjarnesi í Melasókn^{xx} segir hann: „I sameiningu við sögu þessa, má þess geta, að ístaðið hefur líkl. tinst af hesti, sem að hefur verið lítið eitt áð við fjörurnar í Lækjarnesi, því þar er opt farið af baki og hestar látnir grípa niður, einkum þegar komið er

sunnan yfir fjörurnar og Laxá, sem rennur þar við nesið framhjá Akkerssteini, er kaupmenn í fornöld, sem logdu skipi sínu inni Grunnafjörð, festu við skipinu. Um fjörur, er aðalvegur ferðamanna um Lækjarnes. Þar sjást fornar akurreinar.“ Annað samkynja dæmi er að finna að lokinni lýsingu á samningi er varðar veiðirétt nálægt Hítarnesi^{xxi}: „Eg vil hér geta þess, sem líklega fáir ella vita eptir minn dag, að framá mín fullorðins ár [...] sást í Hítarnesi glögggt til kirkjugarðs, leiða og kirkjustæðis, er var slétt, upphá flöt, skammt vestur undan bænum í Hítarnesi. A þessari flöt hjeldu börn – og eg var, sem únglingur, stundum með - ymsa leiki og glímur, að gamni sínu.“

Áður var minnst á rökstuðning Helga í skrá sinni varðandi ástæður þess að suma gripi bæri að varðveita. Dæmi má taka úr skráningu hans á rúnasteini úr Húsafellsgrjóti, sem þó var innan við þrjátíu ára gamall er Helgi skráði hann^{xxii}: „Einhver kynni máske segja, að slíkur steinn sem þessi, hverki væri merkeligur, né forngripur. En hér til má svara, að þótt hann, að aldrinum til, ekki sé forngripur, eru þó allar rúnir, að aldri og lögum, fornmenjar, og það því fremur, sem þær hafa breytt ýmislega með tímanum. Auk þess er steinninn úr hinum merkilega Húsafells grjóti, sem margir legsteinar, og fleira, hefur verið gert af. Og rúnirnar á honum gerðar á seinni tímum, sýna, að sumir alþýðumenn, eins og var smiðurinn, gefa sig en, sem fyrri, við rúnabekkingu; jafnt sem öðrum greinum fornfræðinnar. Steinninn er og einn lítill vottur þess, sem alkunnugt er, að í ætt hins mikla og lærða sr. Snorra á Húsafelli, hefir til niðja hans gengið ýmislegt af ágæti hans, svo sem hagleikur, auk gáfna til fornra fræða, ásamt kallmennsku, o. fl.“ Annað dæmi má sjá í skráningu á bréfi er afi Helga fékk sent frá bróður sínum árið 1769 og hafði loks endað í eigu Helga^{xxiii}: „Hér greint bréf var næst því seinasta, er afi minn fekk frá honum. En seinasta þegar hann skrifaði, var hann kvongaður ríkri ekkju í Hollandi, og átti mestu næðisdaga. Síðan hefur ekki til hans spurzt. Þessi fáu atriði set eg hér, af því þau geta virzt merkileg í greinilegum ættartölum, með því líka eg held, að engin, núorðið, (síðan faðir minn ljezt) viti þau, nema eg. Sjálft bréfið er og ekki alveg þýðingarlaust, í þjóð- eða fornfræðislegu tilliti.“

Vottur um hyggjuvit Helga varðandi meðhöndlun forngripa (sem samræmist vel nútíma hugmyndum þess efnis) má grípa í dæmi við lýsingu á fornum hnappi^{xxiv}: „Mér er sagt, að hann hafi og fundist í jörðu, en sé svo, hefur hann síðan verið fægður, ofan og neðan, sem vel getur verið. -Þó eiga slíkir [h]lutir alls ekki, eða sem minnst, að fægjast, svo þeir haldi sem bezt sínum ellisvip.“

Nokkuð víða er að finna upplýsingar um klæðaburð landsmanna. Í lýsingu á gömlum hempu- eða kragapörum^{xxv} segir: „Þau er þannig

samantengð, að öðru parinu er rennt í hitt [...] Þau tíðkuðust á 18. öld, maske fyrir, og þau sáust framyfir seinustu aldamót, þótt þá væru mjög farin að ryðja sér til rúms þörin með krók á öðru, en gati fyrir krókinn, á hinu parinu. Þessi gömlu þör voru höfð á krögum gömlu síðhempanna, og seinna á hinum svo nefndu krögum, (framan af 18. öld), er náðu niður hérumbil jafnt handleggjum; og enda á yfirhöfnunum, er nefndust kafíur, er tíðkuðust og í mínu ungdæmi, fram um 1820-30.“ Síðar í handritinu^{xxvi} bætir hann við: „Það þessar yfirhafnir og kragar eru nú hvergi að fá, svo eg viti – því fót þessi munu hafa lagst niður um eða fyrir miðja þessa 19. öld – hef eg hér lýst þeim nokkuð, ásamt þörum þeirra, til þess að eptirmönnum yrði eitthvað ljósara, ef ské mætti, hvernig fót þessi voru.“ Annað dæmi má taka úr lýsingum Helga á hnöppum af karlmannsbuxum^{xxvii} : „Um hnappana skal þess fremur getið, að slíkir stórir hnappar sem þessir hér greindu, voru hafðir fyrir strenghnappa í fiskstykkiabuxunum gömlu, fram á 18. öld. Einstakar slíkar buxur sáust og fram yfir aldamótin.“

Helgi leggur ríka áherslu á að nota og útskýra ýmis hverfandi hugtök og heiti á einstaka hlutum gripanna, sbr. lýsingu við reiða^{xxviii}: „Nöfn þessi, og fleiri, sem hér eru nefnd, eru nokkuð útskýrð hér að framan, og verða því skiljanleg, þótt sum séu nú ekki algeng, með því, þau eru farin að gleymast.“

Þótt hér hafi verið gripið inn í nokkur dæmi úr skráningu Helga á safni sínu, er það einungis brotabrot af þeim hafsjó fróðleiks sem þar er að finna um siði, venjur og handbragð þjóðarinnar, svo fátt eitt sé nefnt. En auk þess er skýrslan sannkölluð gullnáma hvað varðar sögu og notkun gripanna sem frá Helga eru komnir. Gripirnir í safni hans hafa þar varðveitta fágæta sögu sína, sem margfaldar gildi þeirra í safnlegu tilliti. Slíka skráningu og upplýsingar er ekki að finna við aðra gripi er nú hafa komið úr Nordiska museet, þrátt fyrir að Matthías Þórðarson hafi lagt mikið af mörkum með skráningu þeirra ytra árið 1922.^{xxix}

Eins og áður hefur verið greint frá er safn Helga ekki síst markvert vegna tengsla gripanna við alþýðu landsins. Þar eru áberandi útskornir gripir í tré, en safnið er þó í raun ágætis þverskurður af hversdagslegum gripum liðinna alda, hvort sem um er að ræða gripi til daglegs brúks eða starfa, leikja eða annarra athafna.

Helga Sigurðssyni verður seint fullþakkað framlag hans til varðveislu á menningarminjum þjóðarinnar. Þó má segja að minningu hans sé ákveðinn sómi sýndur með því að nú hefur safn hans náð þeim áfangastað sem hann ætíð óskaði því, og ber nú í fyrsta sinn fyrir augu íslenskrar alþýðu í Þjóðminjasafni Íslands, 120 árum eftir andlát hans.

Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir

-
- ⁱ Matthías Þórðarson, *Íslenzkir listamenn I*, Reykjavík 1920, bls. 48-59. Eftir sinn dag arfleiddi Helgi Málverkasafn Reykjavíkur (nú Listasafn Íslands) að teikningum sínum og málverkum. Skrá yfir myndir hans er að finna í fyrrgreindu riti Matthíasar Þórðarsonar, bls. 60-65. Rétt er að taka fram að allar beinar tilvitnanir í þessari grein eru með upprunalegri stafsetningu höfunda.
- ⁱⁱ Sjá: Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, Reykjavík 2001, bls. 13.
- ⁱⁱⁱ Matthías Þórðarson, *Íslenzkir listamenn I*, Reykjavík 1920, bls. 51-60.
- ^{iv} Matthías Þórðarson, *Íslenzkir listamenn I*, Reykjavík, 1920, bls. 60.
- ^v Bréf Helga er birt í: Sigurður Guðmundsson, *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I. 1863-1866*, bls. 8-22. Textinn sem hér er birtur er á bls. 8-10.
- ^{vi} Sama rit, bls. 13.
- ^{vii} Sbr. bréf Helga til Sigurðar Vigfússonar, dags. 23. janúar, 1886. Bréfasafn Þjóðminjasafns Íslands, Bréf til safnsins 1886, B/3.
- ^{viii} Sbr. bréf frá Stiptsyfyrvöldum yfir Íslandi til Sigurðar Vigfússonar, dags. 8. nóvember, 1882. Bréfasafn Þjóðminjasafns Íslands, Bréf til safnsins. Yfirvaldabréf til umsjónarmanna Forngripasafnsins 1882, BA 1/1.
- ^{ix} Þetta kemur skýrt fram í grein Helga í tímaritinu *Suðra*, 4. árg. Reykjavík, 10. júní 1886, 16. blað, bls. 63.
- ^x Á árunum 1882-1886 biðlaði Sigurður Vigfússon margtírekað bréflaga til yfirvalda um aukin fjárlög til Forngripasafnsins, bæði til reksturs og kaupa á gripum. Í þeim bréfum er hvergi að sjá að hann minnst í því sambandi einu orði á safn Helga Sigurðssonar. Sjá Bréfasafn Þjóðminjasafns Íslands árin 1882-1886.
- ^{xi} Bréfasafn Þjóðminjasafns Íslands, Bréf frá safninu 1886, BB/1.
- ^{xii} Bréfasafn Þjóðminjasafns Íslands, Bréf til safnsins 1886, B/3.
- ^{xiii} Grein Helga: *Safn af íslenzkum forngrípum*, var birt í fjórum hlutum í tímaritinu: *Suðri*, 4. árg. Reykjavík, 10. maí, 13. blað; 20. maí, 14. blað; 30. maí, 15. blað og 10. júní, 16. blað, 1886.
- ^{xiv} Matthías Þórðarson, *Íslenzkir listamenn I*, Reykjavík 1920, bls. 56-57.
- ^{xv} Nr. 11 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-423; NM 64953.
- ^{xvi} Nr. 2 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-414; NM 64943.
- ^{xvii} Nr. 81 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-439 a; NM 64971 a.
- ^{xviii} Nr. 12 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-648; NM 188556.
- ^{xix} Nr. 21 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-644; NM 188548.
- ^{xx} Nr. 138 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-439 b; NM 64971 b.
- ^{xxi} Nr. 175 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-409 b; NM 64938 b.
- ^{xxii} Nr. 46 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-411; NM 64940.
- ^{xxiii} Nr. 40 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-409 a; NM 64938 a.
- ^{xxiv} Nr. 56 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-528 a/b; NM 65064 a/b.
- ^{xxv} Nr. 64 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-533; NM 65069.
- ^{xxvi} Sjá skráningu á grip nr. 13 í viðbótarskrá Helga.
- ^{xxvii} Nr. 54-57 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-501 b, 526, 527 b, 528 a/b; NM 65037 b, 65062, 65063 b, 65064 a/b.
- ^{xxviii} Nr. 77 í aðalskrá Helga; Þjms. 2008-5-469; NM 65004.
- ^{xxix} Sjá: Þjóðminjasafn Íslands: Matthías Þórðarson, *Skrá um gripi í Nordiska Museet*, 1922. Um ferð Matthíasar og skráningu hans ytra sjá: Matthías Þórðarson, *Utanferð mín 1922*, sjerprentun úr Morgunblaðinu, Reykjavík 1922.